



Launavísitalan föst í 7% árshækkun – kaupmáttur stöðugur síðustu mánuði

Launahækkunir áfram stöðugar

Launavísitalan hækkaði um 0,3% milli febrúar og mars og hefur hækkað um 7,1% frá mars 2017. Hækkunartaktur launa á ársgrundvelli hefur verið nokkuð stöðugur í kringum 7% í tæpt ár.

Aukning kaupmáttar launa hefur stöðvast og hefur kaupmáttur verið nokkuð stöðugur síðustu mánuði eða allt frá því í júní í fyrra. Sé hins vegar miðað við mars var kaupmáttur launa tæplega 5% meiri nú en var í mars 2017.

Síðustu stóru launahækkunirnar á almennum markaði voru í maí í fyrra, en þá hækkaði launavísitalan um rúmlega 3%. Næstu almennu launahækkunir verða nú í maí og þá má búast við töluverðri hækkun launavísitölunnar. Breytingin hefur hins vegar ekki mikil áhrif á árshækkunina þar sem miklar hækkunir eru í sama mánuði bæði árin.


Upplýsingar um nákvæmara niðurbrot á launavísitölunni koma jafnan seinna en vísitalan sjálf. Nýjustu tölurnar um einstaka þætti vísitölunnar eru frá janúar 2018.

Laun stóru hópanna

Sagan sýnir að launaþróun á opinbera og almenna markaðnum er mjög svipuð til lengri tíma. Til skamms tíma er alltaf um einhverjar sveiflur að ræða. Þær sveiflur jafnast venjulega út, m.a. vegna hins margumtalaða höfrungahlaups.


Sé litið á launabreytingar stóru hópanna á einu ári, frá janúar 2017 til janúar 2018, má sjá að launahækkunir á almenna markaðnum hafa verið talsvert meiri en á þeim opinbera, 8,1% á móti 5,6%. Opinberi markaðurinn er hins vegar tvískiptur þar sem launahækkunir innan sveitarfélaganna hafa verið eilítið meiri en hjá ríkinu. Staða kjarasamninga einstakra hópa skýrir yfirleitt þennan mun, en launaskrið á almenna markaðnum hefur líka mikil áhrif. Stöðug árshækkun launa upp á meira en 7%, og árshækkun á almenna

12 mánaða hækkunartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launaþróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Mánaðarleg breyting launavísitölu



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



markaðnum um rúm 8%, eru skýrar vísbendingar um að talsvert launaskrið sé í gangi, enda er þarna um að ræða talsverðar hækkanir umfram kjarasamninga.

Laun eftir starfsstéttum

Sé litið á breytingu launa eftir starfsstéttum á einu ári má sjá að laun þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks hafa hækkað mest á árinu, eða um 9,6%, sem er langt umfram meðalhækkun launavísitölunnar. Það er spurning hvort ferðapjónustan eigi þar einhvern hlut að máli. Laun skrifstofufólks og iðnaðarmanna hafa hækkað næstmest. Laun stjórnenda og sérfræðinga hafa hækkað minnst á þessum 12 mánuðum sem er svipuð staða og verið hefur hvað þær stéttir varðar.

Laun innan atvinnugreina


Sé litið á þróun launa innan atvinnugreina hafa þau hækkað mest í verslun og viðgerðum og veitustarfsemi frá janúar 2017 til janúar 2018. Þetta er nokkur breyting upp á við hvað veitustarfsemin varðar. Þá er hér einnig um að ræða breytingu á stöðunni í byggingariðnaði sem lengi vel hefur verið með mestu launabreytingarnar.

Laun í framleiðslu og fjármála- og váttryggingastarfsemi hafa hækkað minnst á þessu tímabili. Launavísitalan í heild hækkaði um 7,1% á þessum tíma þannig að laun í verslun og viðgerðum hafa hækkað verulega umfram meðaltalið en laun í framleiðslu hafa samt sem áður hækkað meira en meðaltalið. Tölurnar fyrir opinbera starfsmenn drógu meðalhækkun launavísitölunnar niður í janúar, eins og sést á þessum tölum.

Mikilvægi þróunar á vinnumarkaði


Talsverðar launahækkanir verða þann 1. maí. Eftir að þær verða um garð gengnar má segja að áhrifum gildandi kjarasamninga á almenna markaðnum sé lokið og renna þeir sitt skeið á enda um áramót. Þetta var þriggja ára samningur sem er óvenju langur tími. Undirbúningur fyrir næstu samningalotu er hafinn að því leyti að umræða um kjaramál og málefni launþegahreyfingarinnar hefur orðið sífellt meira áberandi. Eins og margsinnis áður mun þróun mála á vinnumarkaði skipta miklu máli fyrir efnahagsþróun næstu missera.

Launahækkun einstakra hópa janúar 2018 - janúar 2018




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launahækkun starfsstétta janúar 2017 - janúar 2018



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launahækkun í atvinnugreinum janúar 2017 -janúar 2018



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.